

# Leiðbeiningar um lífræna söfnun

## Hvað má fara í tunnuna?

Ávextir og ávaxtahúði, grænmeti og grænmetishúði, egg, eggjaskurn, eldaðir kjöt- og fiskafgangar, mjöl, hrísgrjón og pasta, brauð, kökur, tepokar og kaffikorgur. Einnig mega notaðar servéttur og eldhúsbréf fara með í tunnuna.

## Hvað ekki?

Pappadiskar, drykkjarmál, fernur eða annað úr plasti eða pappa mega alls ekki fara með í þessa söfnun. Ekki bleyjur.

## Sérstakir pokar!

Það sem safnast fer í jarðgerð. Gott er að safna efninu í sérstaka poka sem jarðgerast með efninu. Þessir pokar eru úr pappír eða lífrænni sterkju og fást hjá Terru hf. Athugið að binda vel fyrir pokana áður en þú setur þá í söfnunartunnuna.

**Venjulega plastpoka má alls ekki nota.**

## Hvaða ílát?



**Fyrir heimili og litlar kaffistofur:**  
8 lítra fötur sem lofta hæfilega og auðvelt er að skipta um poka í.



**Fyrir mötuneyti og veitingastaði:**  
40 lítra ílát á hjólum.



**Utanhúss:**  
120 lítra til 500 lítra ílát sem starfsmenn Terru losa í sérútbúnað söfnunarbifreiðar.

Spurningar?  
Svörin er hægt að fá í síma 535 2500.

